

Nd.

85. Frumvarp til laga

um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Flm.: Katrín Thoroddsen.

1. gr.

Með dagheimili er átt við:

- a. Gæzlustöðvar fyrir börn frá eins mánaðar aldri til þriggja missira. Börnin eru tekin daglangt í fóstur og annazt um þau þar að öllu leyti. Hjúkrunarkona hefur yfirumsjón með stöðinni, og sé hún ekki sérfróð í smábarnauppeldi, hefur hún sér til aðstoðar leikskólafóstru auk annars starfsfólks.
- b. Leikskóla fyrir börn eins og hálf til sex ára gömul. Börnin dvelja þar daglangt undir eftirliti leikskólafóstra.
- c. Leikskóla fyrir börn á aldrinum eins og hálf til sjö ára, rekinn með sama sniði að öðru leyti en því, að börnin dvelja þar aðeins hálfan daginn, fyrri eða síðari hluta dags, eftir aðstæðum heimilanna.

2. gr.

Yfirstjórn dagheimila er í höndum fræðslumálastjórnarinnar.

3. gr.

Dagheimili skulu vera í hverjum kaupstað landsins. Í kaптúnunum og þorpum ákveður barnaverndarnefnd staðarins eða barnaverndarráð eftir tillögum félagsamtaka þorpskvemma, hvort reka skuli dagheimili.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir tvo fimmtu hluta stofnkostnaðar. Hinn hlutann greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag, sem jafnframt leggur fram ókeypis lóð í þessu skyni. Til stofnkostnaðar telst nauðsynlegur húsbúnaður og uppeldistæki.

Ríkið tekur þátt í rekstrarkostnaði dagheimila að því lyti, að það greiðir laun hjúkrunarkvemma og leikskólafóstra, enda hafi þær hlotið þá menntun, sem fræðslumálastjórnin tekur gilda. Foreldrar barnanna greiða fæðiskostnað. Viðkomandi sveitarfélag greiðir annan rekstrarkostnað.

5. gr.

Stofnun dagheimila skal hagað svo: Í Reykjavík skal byggja tvö dagheimili á ári, unz þörfinni er fullnægt, og auk þess skal byggja dagheimili jafnóðum fyrir þau ný hverfi, sem reist eru, þannig að að minnsta kosti eitt heimili komi á hverjar 100 íbúðir. Hvert heimili skal taka sem næst 50 börnum, er dvelja allan daginn, og tvisvar sinnum 20 börnum, er dvelja hálfan daginn. Auk þess sé þar gæzlustöð fyrir 30 börn undir eins og hálfis árs aldri, og sé sú deild aðskilin frá hinum.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal koma upp einu heimili á ári, unz þörfinni er fullnægt. Fer um stærð og fyrirkomulag þeirra heimila á sama hátt og í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um rekstur dagheimila í samráði við fræðslumálastjórnina og barnaverndarráð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um aðstoð ríkis og sveitarfélaga við uppeldi barna innan skólaskyldualdurs. Verði það að lögum, leysist á viðunandi hátt vandamál, er krefst skjótrar úrlausnar.

Uppeldisskilyrði barna eru víða í kaupstöðum, en þó einkum hér í Reykjavík, orðin svo slæm, að lífi, heill og heilbrigði hinnar uppvaxandi kynslóðar er bein hættu búin, ef ekki er úr bætt. Valda hér um mestu breyttir lífnaðarhættir þjóðarinnar hina síðustu áratugi og snögg umskipti frá dreifbýli til þéttbýlis og þröngbýlis. Vegna hvors tveggja er þörf á meiri árvekni og aðgæzlu í uppeldismálum, en jafnframt er erfiðara að koma slíku við í heimahúsum. Enda þótt langsamlega flestum foreldrum sé þetta vel ljóst, eru þeir næsta fáir, sem þess eru umkomnir að búa svo að börnum sínum sem skyldi, jafnvel þó fjárhagsafkoma þeirra sé góð. Ber margt til þessa, svo sem vanþekking á þörfum barna og þroskaleiðum, en þó einkum óhagkvæmar ytri aðstæður, sérstaklega lítil og léleg húsakynni, skortur á svæðum útivið, þar sem börnin geta verið óhult, og loks ónógir starfskraftar til búsyslu og barnagæzlu.

Án aðgerðar löggjafarvaldsins er umbóta ekki að vænta á þessu sviði svo nokkru nemi. Þjóðfélagsheildinni er og bæði skylt og hagkvæmast að tryggja hinum uppvaxandi þegnum þá þroskamöguleika, að þeir megi verða hraustir og nýtir menn með heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, má ætla, að hann verði allmikill, en í það má þó ekki horfa, þar sem heill og velferð hinnar uppvaxandi íslenzku æsku er í veði. Þannig má gera ráð fyrir, að stofnkostnaður hvers heimilis verði rúmlega hálf milljón króna.

Af dagheimilum er þegar fengin góð reynsla bæði hér og erlendis. Þau eru viðurkenndar uppeldis- og fræðslustofnanir, er að því miða að veita börnunum meira öryggi og ákjósanlegri þroskaskilyrði en kostur er á í heimahúsum, án þess þó að taka ábyrgð uppeldis úr höndum foreldranna.